

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 213/1988. **Protabú Hafskips**

(Jóhann Níelsson hrl.)

gegn

Saltsölunni hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Hlutfjáráukning. Tómlæti. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988, en úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur er uppkveðinn 27. maí 1988.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið að öllum kröfum stefnda, eins og þær eru settar fram í greinargerð hans fyrir skiptarétti Reykjavíkur, verði hafnað. Þá gerir hann kröfu til að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í úrskurði skiptaréttar. Fallast ber á þá úrlausn hans að áskrift nýrra hluta hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978, en eins og í úrskurðinum greinir getur stefndi ekki nú borið fyrir sig að áskriftin sé óskuldbindandi af þessum ástæðum.

Framkvæmdastjóri hins stefnda fyrirtækis, sem stendur að útgerð farmskipa, skráði það fyrir nýjum hlut og gekk frá greiðslu hans 21. febrúar 1985 eins og nánar er greint í hinum áfrýjaða úrskurði. Honum gat ekki dulist hvernig staðið var að söfnun hlutfjárlof-orða. Í ársskýrslu til aðalfundar, sem haldinn var 7. júní 1985, var hlutfjáráukningunni talið náð og samkvæmt fundargerð var reiknað með nýja hlutafénu og mætt fyrir nýju hlutina á fundinum, enda þótt hlutfjáráukningin væri ekki tilkynnt til hlutafélagaskrár, sbr.

2. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978, fyrr en 20. júní s.á. Samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laga nr. 32/1978 hefði hlutafjárukningin ekki átt að ganga í gildi fyrr en við skráningu. Miða verður þannig við að stjórn Hafskips hf. hafi samþykkt hlutafjárukninguna fyrir aðalfundinn. Ómótmælt er að framkvæmdastjóri stefnda sótti aðalfundinn 7. júní 1985 fyrir hann sem fullgildan hluthafa og var kosinn í stjórn félagsins á fundinum, m.a. fyrir tilstyrk hinna nýju hlutabréfa stefnda. Hann mátti þá gera sér grein fyrir því að stjórn Hafskips hf. reiknaði í verki með því að hlutafjárukningunni væri náð og hagaði málum sínum gagnvart hluthöfum og lánardrottnum í samræmi við það. Eftir 7. júní 1985 fór framkvæmdastjóri stefnda ásamt öðrum stjórnarmönnum með málefni félagsins, sbr. 52. gr. laga nr. 32/1978. M.a. hvíldi á honum að tilkynna hið aukna hlutfé til hlutafélagaskrár. Gagnvart stefnda skiptir þannig ekki máli að tilkynningin um hlutafjárhækkunina var ekki birt lögum samkvæmt fyrr en 21. ágúst 1985.

Hafskip hf. fékk greiðslustöðvun 18. nóvember 1985 og var lýst gjaldþrota 6. desember s.á.

Lögmaður stefnda ritaði skiptaráðendum þrotabús Hafskips hf. bréf dags. 23. apríl 1986. Óskaði hann aðallega eftir því að fá afhent aftur skuldabréf útgefið hinn 21. febrúar 1985, sem var greiðsla hans fyrir aukið hlutfé. Í bréfinu byggir hann kröfu sína á því að framkvæmdastjóri stefnda hafi vísitandi verið blekkur til þátttöku í hlutafjárukningunni af forsvarsmönnum hlutafélagsins.

Í framburði fyrir skiptarétti 2. maí 1986 dregur framkvæmdastjórinn það til baka að hann hafi verið blekkur vísitandi. Það er síðan ekki fyrr en við endurflutning málsins 11. maí 1988 að stefndi ber fyrir sig að of lítið hlutfé hafi safnast.

Miða verður við að stefndi hafi fyrst gert kröfu um riftun fyrir dómi í bréfi til skiptaréttar dags. 23. apríl 1986. Telja verður að framkvæmdastjóri stefnda hafi vegna stjórnarþátttöku sinnar þá fyrir löngu mátt gera sér grein fyrir því hvernig komið var hag félagsins, enda segir í greinargerð stefnda til skiptaréttar að hið rétta hafi komið í ljós á aðalfundi Hafskips hf. í júní 1985.

Telja verður kröfur stefnda hér fyrir dómi eingöngu byggðar á því að stefndi eigi rétt á riftun. Þegar virtir eru hagsmunir lánardrottna Hafskips hf., sem hlutu að treysta á þessa miklu hlutafjár-

aukningu, verður að telja að riftunarkrafa stefnda hafi orðið að koma fram án ástæðulauss dráttar. Með hliðsjón af 6. mgr. 148. gr. laga nr. 32/1978, sbr. 3. mgr. 149. gr. sömu laga, geti hann ekki löngu eftir aðalfund 7. júní 1985, meira en sex mánuðum eftir tilkynningu og birtingu hlutafjárukningarinnar, og eftir að félagið hefur gengið í gegnum greiðslustöðvun og verið gefið upp til gjaldþrots, gert þá kröfu í gjaldþrotabúið að hlutafjárloforði hans verði rift. Ekki þykir eins og hér stendur á skipta máli hverjar ástæður hann ber fyrir riftuninni. Af þessu leiðir að hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi sýkn af kröfum stefnda í máli þessu. Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi, protabú Hafskips hf., vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Saltölunnar hf., í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 27. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 29. október 1986, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. mars 1988. Málið var endurupptekið, munnlega flutt og tekið til úrskurðar að nýju þann 11. maí sl.

Sóknaraðili er Saltsalan hf., nnr. 7468-1069, Hjarðarhaga 17, Reykjavík.

Varnaraðili er protabú Hafskips hf., nnr. 3504-0528, Reykjavík.

Með kröfulýsingu dags. 23. apríl 1986 lýsti sóknaraðili kröfu í protabú Hafskips hf. Þar krafðist hann þess að þau tvö skuldabréf hvort um sig að upphæð kr. 2.500.000,00, er hann gaf út 21. febrúar 1985 til kaupa á hlutabréfum í félaginu verði afhent honum, en til vara að andvirði þeirra verði greitt honum af eignum búðsins. Með bréfi dags. 9. maí s.á. var sóknaraðila tilkynnt af hálfu bústjóra protabúsins að kröfu hans hafi verið hafnað. Sóknaraðili mótmælti afstöðu bústjóra skriflega þann 13. júní 1986. Á skiptafundi í protabúi Hafskips hf. 25. september s.á. var ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt skiptaréttarmál sem þingfest var 29. október 1986.

Í greinargerð gerir sóknaraðili eftirtaldir kröfur á hendur varnaraðila. Aðallega að sóknaraðila verði afhent tvö skuldabréf útg. hinn 21. febrúar 1985 til Hafskips hf. samtals að fjárhæð kr. 5.000.000,00. Til vara að

viðurkennd verði sem almenn krafa krafa hans í þrotabú Hafskips hf. sömu fjárhæðar auk áfallinnar vísitölu við upphafsdag skipta, þ.e. samtals kr. 6.366.666,40.

Þá er gerð krafa til málskostnaðar að mati réttarins úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila, svo sem þær eru settar fram í greinargerð hans, verði hafnað. Þá verði sóknaraðila með úrskurði réttarins gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

[Samhljóða II. kafla dóms í skiptaréttarmálinu: Tækja-Tækni hf. gegn þrotabú Hafskips hf., bls. 1630-1636.]

III.

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila ákvað hann að taka þátt í hlutafjár- aukningu í Hafskipi hf. Til greiðslu hlutafjárlofordis síns afhenti hann félaginu tvö verðtryggð skuldabréf, hvort að fjárhæð kr. 2.500.000,00 sem útgefin voru af honum 21. febrúar 1985. Skuldabréf þessi, sem voru án sjálfskuldarábyrgðar, skyldu greiðast með fimm afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1986. Lánsfjárhæðin var bundin lánskjara- vísitölu með grunnvísitölu 1050 en bar ekki vexti.

Með yfirlýsingu dags. 6. júní 1985 setti stjórn Hafskips hf. skuldabréf þessi Útvegsbanka Íslands að handveði til tryggingar skuldum Hafskips hf. við bankann. Skiptastjórar þrotabúsins framseldu skuldabréfin síðar sama aðila. Með yfirlýsingu dags. 7. mars 1987 ábyrgðist varnaraðili sóknaraðila að fyrrgreint framsal varnaraðila á skuldabréfunum breytti engu um stöðu sóknaraðila gagnvart þrotabúinu frá því sem hún var við upphaf skipta.

Upplýst var við munnlegan flutning málsins að Útvegsbanki Íslands hefur krafist sóknaraðila um greiðslur af skuldabréfum þessum, en hann hefur hins vegar ekki greitt.

Með samningi milli varnaraðila og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987, sem frammi liggur í málinu, var bankanum lagt út andvirði skuldabréfa sóknaraðila upp í lýstar kröfur í þrotabúið. Í samningi þessum segir svo m.a.: „Bankanum er kunnugt um, að ýmsir skuldarar samkvæmt þeim verðbréfum sem ákvæði þetta tekur til, hafa krafist ógildingar skuldbindinga sinna eða skuldajafnaðar við þrotabúið að öðru leyti. Verði úrlausn dómstóla um slíkar mótbárur með þeim hætti að greiðsluloforð samkvæmt verðbréfum þessum falla niður, lækkar útlagning til bankans samkvæmt

ofangreindu að sama skapi og með sama andvirði og bankinn fær útlagningu með og breytast almennar kröfur bankans sem því nemur.“

IV.

[Samhljóða IV. kafla dóms í skiptaréttarmálinu: Tækja-Tækni hf. gegn protabúi Hafskips hf., bls. 1637-1639.]

V.

Er málið var flutt að nýju 11. maí sl. byggði sóknaraðili á því að hann væri óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf. þar sem hlutafjárútbóðið hafi verið haldið formgöllum. Leiði það til þess að skuldbinding hans sé niður fallin. Verði ekki á það fallist sé loforð hans ógilt vegna efnisannmarka.

Hvað formgallana varðar telur sóknaraðili að ófrávíkjanlegar reglur hlutafélagalaga um undirbúning og framkvæmd hlutafjárútbóðs hafi verið sniðgengnar. Á hluthafafundinum 9. febrúar 1985 hafi ekki verið fyrir hendi þau gögn sem nánar er kveðið á um í 2. mgr. 27. gr. hlutafélagalaga. Ekki hafi verið settur frestur til áskriftar og áskrift nýrra hluta hafi ekki verið gerð á formlega áskriftarskrá. Hluthafafundurinn hafi ákveðið að hlutafjárframlög skyldu greiðast með verðtrygðum skuldabréfum. Félagið hafi eigi að síður heimilað ýmsum áskrifendum að greiða loforð sin með öðrum hætti og sé það andstætt 31. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt 33. sbr. 7. gr. hlutafélagalaga leiði þessi attriði til þess að félagið og nú varnaraðili geti ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup og skipti ekki máli í því sambandi þótt sóknaraðili hafi ekki mótmælt við ráðherra skv. niðurlagsákvæði 1. mgr. 7. gr. laganna. Þessu til viðbótar hafi ekki safnast það lágmark hlutafjárauka sem hluthafafundurinn hafi ákveðið og leiði það sjálfstætt til þess að niður sé fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og þar með skuldbinding sóknaraðila. Sóknaraðili telur að enda þótt hann hafi ekki byggt á þessum málástæðum í greinargerð sinni, komi þær eigi að síður fram í skjölum málsins. Dómurinn geti því skv. 113. gr. laga nr. 85/1936 byggt á þeim við úrlausn málsins.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að hann telur sig óbundinn af hlutafjárloforði sínu, að ógilda beri greiðslu þess og afhenda hana til baka. Byggist aðalkrafa sóknaraðila á því að skuldabréfin séu eða verði til ráðstöfunar fyrir protabúið að afloknum málarekstrinum. Að öðrum kosti eigi hann almenna kröfu í protabúið sömu fjárhæðar og skuldabréfin auk áfallinnar vísitölu.

Sóknaraðili telur að hann hafi verið blekkur til þátttöku í hlutafjárauðningunni og að hann hafi gefið loforð sitt á grundvelli rangra upplýsinga um hag félagsins. Upplýsingar þær sem hluthöfum hafi verið veittar af

stjórnendum félagsins á hluthafafundi þann 9. febrúar 1985 hafi verið villandi um afkomu félagsins á árinu 1984 og stöðu þess í árslok. Þar hafi stjórnundur félagsins gert ráð fyrir kr. 55.000.000,00 rekstrarhalla, sem þeir hafi vitað eða hlotið að vita að gæfi ranga mynd af sennilegri afkomu ársins. Á sama fundi hafi verið veittar upplýsingar um rekstraráætlun félagsins vegna ársins 1985. Þar hafi verið reiknað með tvö- til þreföldun á veltu félagsins og „áhugaverðum“ hagnaði. Fyrir mitt ár 1985 þegar fyrir lá fjögurra mánaða uppgjör þess árs hafi komið fram verulegt tap þrátt fyrir fullyrðingar um rekstrarhagnað.

Þessar upplýsingar forráðamanna Hafskips hf. hafi meðal annars ráðið þátttöku sóknaraðila í hlutafjárukningunni. Þær forsendur hafi algjörlega brostið er hið rétta hafi komið í ljós á aðalfundi félagsins í júní 1985. Telur sóknaraðili að hinar röngu og villandi upplýsingar hafi verið vísitandi notaðar í blekkingarskyni af hálfu þeirra er að ákvörðun um hlutafjárukninguna stóðu. Þannig hafi hlutafjárloforðið verið ógilt frá upphafi eða ógildanlegt. Ekki skipti máli í þessu sambandi, þótt stjórnarformaður sóknaraðila hafi setið í stjórn Hafskips hf., þar sem hann hafi verið blekkfur af stjórninni um afkomu félagsins eftir að hann tók þar sæti. Því hafi jafnan verið haldið að honum á stjórnarfundum að Trans-Atlantík siglingarnar gengju mjög vel. Hann hafi ekki verið kjörinn í hina sérstöku stjórnarnefnd og því verið haldið utan við raunverulegar upplýsingar um afkomu félagsins. Það verði því ekki virt honum til tómlætis um gæslu réttar síns þótt hann hafi ekki hafist handa fyrr en raun varð á.

Kröfur sínar byggir sóknaraðili á reglum samningaréttar um ógild loforð, brostnar forsendur og heimild samningalaga til að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum.

— — — Af hálfu varnaraðila ...

[Sjá bls. 1640-1642.]

... almennrar kröfu í protabúinu.

VI.

Forsendur og niðurstaða.

Stjórnarfundur Hafskips hf. ...

[Sjá bls. 1642-1643.]

... ákvað að safna.

Í 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga segir hvernig með skuli fara þegar ekki fæst áskrift fyrir því lágmarki hlutafjáruka, sem ákveðið hefur verið. Er ákveðið m.a. sett með tilliti til hagsmuna áskrifenda og viðsemjenda félagsins. Þar segir fortakslaut að í slíkum tilvikum sé niður fallin ákvörðun um hlutafjárhækkun og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð

síð sig fyrir hlutum. Er óheimilt eftir að áskrift er hafin að breyta ákvörðun hluthafafundar um upphæð hlutafjárauka. Samkvæmt ófrávikjanlegu skilyrði 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga er því niður fallið loforð það um áskrift fyrir hlutafjárauka, er sóknaraðili gaf Hafskipi hf. fljótlega eftir hluthafafundinn 9. febrúar 1985 og hann staðfesti síðar með útgáfu tveggja skuldaþréfa þann 21. febrúar s.á. Fær eigi hagg að þessari niðurstöðu sú fullyrðing Ragnars Kjartanssonar fyrir skiptaréttinum að félagið sjálft hafi ætlað að skrá sig fyrir þeim hlutum sem á vantaði, enda gerðu útboðsskilmálar ekki ráð fyrir slíku. Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá viðurkenningarkröfu sóknaraðila að hann sé óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf.

Sóknaraðili reisti ógildingarkröfu sína ekki á framangreindum annmarka fyrr en við endurflutning málsins 11. maí sl. Annmarki þessi kemur þó skýrlega fram í skjölum málsins. Með hliðsjón af niðurlagsákvæði 113. gr. laga nr. 85/1636 þykir heimilt að dæma málið á þessum grundvelli, svo sem lagaskilyrðum 34. gr. laga nr. 32/1978 er háttað.

Að þessari niðurstöðu fenginni koma aðrar þær ástæður er sóknaraðili hefur fært fram ógildingarkröfu sinni til stuðnings eigi til umfjöllunar í úrlausn þessari.

Af ákvæðum 1. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978 leiðir að endurgreiða ber það hlutafé, sem þegar hefur verið greitt, fari hlutafjárukning út um þúfur. Sóknaraðili á því rétt til endurgreiðslu þeirra verðmæta er hann greiddi Hafskipi hf. Kemur þá til skoðunar hvernig að þeirri endurgreiðslu skuli staðið eins og kröfugerð sóknaraðila og atvikum málsins er háttað.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu varnaraðila að það sé eigi á hans færi að afhenda sóknaraðila skuldabréfin, nái ógildingarkrafan fram að ganga þar sem þau hafi verið framseld Útvegsbanka Íslands.

Sóknaraðili er ekki aðili að áðurgreindum samningi þrotabús Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987. Varnaraðili hefur framselt skuldabréf þau sem um ræðir í málinu. Samkvæmt því og þar sem framsalshafi bréfanna hefur kafið sóknaraðila um greiðslur samkvæmt þeim, ber varnaraðila að greiða sóknaraðila bætur skv. niðurlagi 2. tl. 32. gr. laga nr. 6/1978. Sú bótakrafa er sömu fjárhæðar og skuldabréfin og með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í þeim greinir. Samkvæmt sömu lagagrein fer um slíkar kröfur í skuldaröð skv. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Af hálfu sóknaraðila var hins vegar gerð krafa um viðurkenningu á kröfu hans sem almennri kröfu. Þykir þessi málflutningsyfirlýsing binda hann í þeim efnum og ber að skipa kröfunni í skuldaröð búðins skv. 85. gr. laga nr. 3/1878. Krafa þessi fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfin án greiðslu á þeim.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Úrskurð þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson borgarfégeti og meðdómsmennirnir Reynir Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorgeir Örlygsson, settur prófessor.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Loforð það er sóknaraðili, Saltsalan hf., gaf um áskrift fyrir hlutafé í Hafskipi hf. skuldbindur hann eigi.

Viðurkennd er krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., um greiðslu á kr. 5.000.000,00 með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í skuldabréfum þeim greinir sem sóknaraðili gaf út þann 21. febrúar 1985. Krafa þessi kemur í skuldaröð þrotabús Hafskips hf. skv. 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfin án greiðslu þeirra.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 413/1988. **Hörður Rist Ólafsson**

gegn

Sigurjóni Sigurðssyni

Böðvari Bragasyni og

Bjarka Eliassyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 19. þ.m. ásamt greinargerð varnaraðila. Kæruheimild er 21. gr. 1. mgr. 1. tl. b laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að dæma um efni málsins.